

# GRÆNT BÓKHALD

**SORPSTÖÐVAR SUÐURLANDS BS.**  
**1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2008**



Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108. Reykjavík



## Grænt bókhald 2008

### Starfsemi fyrirtækisins.

Sorpstöð Suðurlands er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna í Árnes og Rangárvallasýslu. Sorpstöð Suðurlands rekur urðunarsvæði í Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi og skrifstofu á Selfossi.

Í Kirkjuferjuháleigu er tekið á móti sorpi sem fellur til á svæðinu frá Ölfusi í vestri til Markarfljóts í austri. Á vegum skrifstofunnar fer fram umhverfisráðgjöf til aðildarsveitarfélaga, fyrirtækja og almennings. Sveitarfélögin á svæðinu reka gámostöðvar hvert í sinni byggð og annast flokkun sorps og flutning þess til urðunar. Að öðru leyti er vísað til ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands sem verður gefin út eftir aðalfund 22. og 23. október 2009.

### Urðunarsvæði í Kirkjuferjuháleigu

#### Starfsleyfi.

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun. Endurnýjun starfsleyfis fer fram um þessar mundir og er gert ráð fyrir að endurnýjað starfsleyfi verði gefið út í júlí 2009.

#### Eftirlitsaðili

Umhverfisstofnun.

#### Fyrirtækjaflokkur

Fyrirtækið fellur undir flokk 5, grein 4 sbr. Fylgiskjal reglugerðar, þ.e. “urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi.”.

#### Bókhaldstímabil

Tímabilið nær frá 1. janúar til 31. desember 2008.

### Annað

Meðfylgjandi er áritun endurskoðanda, yfirlýsing stjórnar, yfirlit yfir orku og hráefnanotkun. Eftir aðalfund verður UST send ársskýrsla Sorpstöðvar Suðurlands. Í viðaukum ársskýrslu er tölfræðilegt itarefni um magn úrgangs sem fellur til á svæðinu.

Með kveðju

*Guðmundur Tryggvi Ólafsson*


Guðmundur Tryggvi Ólafsson  
Framkvæmdastjóri  
Sorpstöð Suðurlands

Selfossi 17. ágúst 2009

**Yfirlýsing stjórnar**


Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með skýrslu um grænt bókhald byggðarsamlagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs.:



Ragnheiður Eyrar  
Bláa Húsið Akri

Framkvæmdastjóri



Guðmundur M. Tryggvi Ólafsson

## Áritun endurskoðanda

---


Til stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Ég hef endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Sorpstöðvar Suðurlands bs. Skýrslan hefur að geyma upplýsingar um orku - og hráefnisnotkun, auk annarra upplýsinga. Um hvernig umhverfismálum starfseminar er háttað vísast til ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands bs árið 2008. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum stöðvarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber mér að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig, að nægjanleg víska fáiast um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald stöðvarinnar. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að upplýsingar sem koma fram í ársreikningum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Ég álit að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald Sorpstöðvar Suðurlands bs árið 2008 og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu réttar.

Selfossi 10. júní 2009

  
Bjarni Jónsson  
Löggiltur endurskoðandi

# Grænt bókhald

1. janúar til 31. desember 2008



Skrifstofa	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Umhverfisáhrif/Innvegið tonn af sorpi
Rafmagn	5.070	6.770	<b>2.273</b>	<b>2.518</b>	kwh 7,1 % hluti af SASS
Vatn kalt *	-	-	-	-	Ekki mælt
Vatn heitt	394	314	<b>113</b>	<b>109</b>	m3 7,1 % hluti af SASS
Pappír	16	16	<b>16</b>	<b>44</b>	kg 5 % hluti af SASS
Ökutæki					
Dísel Skoda JZ 007	-	-	<b>1.170</b>	<b>1.152</b>	lítrar
<b>Urðunarsvæði Kirkjuferjuháleigu</b>					
Rafmagn	4.051	9.747	<b>11.202</b>	<b>6.953</b>	kwh
Rafmagn v/ ljósastaura	829	746	<b>802</b>	<b>822</b>	kwh
Vatn kalt *	-	-	-	-	-
Vatn heitt	4.246	3.251	<b>2.690</b>	<b>2.121</b>	m3 OR áætluð ársnotkun mv árstíðarstuðul.
<b>Ökutæki</b>					
Dísel Nissan BH 233	223	573	<b>411</b>	<b>543</b>	lítrar
Eknir km	-	-	-	<b>4.453</b>	km
Dísel Suzuki Swift TV 650	162	1.028	<b>1.091</b>	<b>730</b>	lítrar
Eknir km	-	-	-	<b>13.316</b>	km
Fjór hjól	-	-	<b>20</b>	<b>35</b>	
<b>Troðari</b>					
Dísel	29.844	32.120	<b>30.402</b>	<b>29.014</b>	lítrar
Smurólía	vantar	160	<b>542</b>	<b>368</b>	lítrar
tímar	-	-	-	<b>1.303</b>	klst
<b>Samtals skrifstofa og urðunarsvæði</b>					
Rafmagn	9.950	17.263	<b>13.475</b>	<b>10.293</b>	kwh 0,46 kwh/tonn
Vatn kalt *	-	-	-	-	Ekki mælt
Vatn heitt	4.640	3.565	<b>2.803</b>	<b>2.230</b>	m3 0,10 m3/tonn
Bensín	-	-	<b>20</b>	<b>35</b>	lítrar 0,00 lítrar/tonn
Díselólía	30.067	32.693	<b>33.074</b>	<b>31.439</b>	lítrar 1,41 lítrar/tonn
Smurólía	vantar	160	<b>542</b>	<b>368</b>	lítrar 0,02 lítrar/tonn
<b>Móttækið sorp til urðunar</b>					
Sveitarfélög	13.613.081	14.517.149	<b>13.647.189</b>	<b>13.020.778</b>	kg
Sláturhús	2.798.240	1.938.260	<b>3.329.415</b>	<b>3.049.795</b>	kg
Gámafyrirtæki	3.265.200	3.127.825	<b>4.656.335</b>	<b>4.406.940</b>	kg
Aðrir	903.560	1.257.700	<b>1.408.995</b>	<b>1.894.300</b>	kg
Samtals sorp	20.580.081	20.840.934	<b>23.041.934</b>	<b>22.371.813</b>	kg
<b>Þekjuefni</b>					
Tróð frá Furu hf	4.453.820	4.816.380	<b>5.798.290</b>	<b>5.356.150</b>	kg 0,24 tonn/tonn
Grús	5.695.000	6.080.000	<b>4.557.600</b>	<b>403.600</b>	kg 0,02 tonn/tonn
Samtals þekjuefni	10.148.820	10.896.380	<b>10.355.890</b>	<b>5.759.750</b>	kg 0,26 tonn/tonn

\* Ekki mælir

